

**Ernst & Young hf.**  
**Borgartúni 30**  
**105 Reykjavík**

### **Staðfestingarbréf**

Í tengslum við endurskoðun ykkar á ársreikningi 2007 fyrir Félag grunnskólakennara hafið þið óskað eftir staðfestingu félagsins á því að ykkur hafi verið veittar allar þær upplýsingar og gögn sem ykkur eru nauðsynleg í tengslum við endurskoðunina.

Með hliðsjón af því staðfestum við eftir bestu vitund eftirfarandi:

1. Við erum ábyrg fyrir því að framsetning reikningsskilanna sé í samræmi við lög um ársreikninga og að reikningsskilin séu byggð á traustum bókhaldsgögnum sem hafa verið skráð með eðlilegum hætti.
2. Við höfum séð til þess að allar fjárhagsupplýsingar og önnur gögn sem varða reikningsskilin hafi verið til reiðu og kynnt ykkur.
3. Öll viðskipti sem átt hafa sér stað á tímabilinu eru skráð með eðlilegum hætti í bókhald félagsins.
4. Allar áþreifanlegar og óáþreifanlegar eignir félagsins eru birtar í ársreikningnum ásamt þeim skuldbindingum sem þessum eignum tengjast í samræmi við lög um ársreikninga.
5. Allar skuldir og skuldbindingar félagsins gagnvart þriðja aðila sem telja má verulegar samkvæmt lögum um ársreikninga koma fram í ársreikningnum.
6. Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem ekki hefur verið tekið tillit til í ársreikningnum og skýringum í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 3. mars 2008

Virðingarfyllst,